

Menntamálaráðuneytið
Ab. <i>RÓ</i>
22. feb. 2008
Tilv:MMR <i>07100357</i>
Db. <i>10.2</i>



KENNAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 13. febrúar 2008
0704071 sk

Menntamálaráðuneyti
b.t. Hellen Gunnarsdóttur/Rósu Gunnarsdóttur
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Viðbrögð Kennaraháskóla Íslands við lokaskýrslu sérfræðinganefndar vegna umsóknar um viðurkenningu á sviði félagsvísinda

Vísað er til bréfs ráðuneytisins MMR07100357/10.2 sem fylgdi lokaskýrslu sérfræðinganefndar vegna umsóknar Kennaraháskóla Íslands um viðurkenningu á fræðasviðinu félagsvísindi, en skýrslan var send skólanum sem trúnaðarmál.

Kennaraháskólinn metur mikils þá einróma niðurstöðu sérfræðinganefndarinnar að skólanum skuli veitt viðurkenning á fræðasviði félagsvísinda.

Kennaraháskólinn telur vinnuna við umsóknina hafa gagnast skólanum afar vel. Sem dæmi má nefna að öllum meginskjölum um skólann hefur verið safnað á einn stað. Það verður m.a.mjög gagnlegt í tengslum við sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands 1. júlí næstkomandi. Einnig liggja nú fyrir ferilskrár allra akademískra starfsmanna bæði á ensku og íslensku ásamt öðrum skjölum um skólann, reglum, verklagslýsingum og lýsingum á námsbrautum, námsleiðum og námskeiðum á báðum þessum tungumálum.

Á fundi sérfræðinganefndarinnar með stjórnendum og starfsfólki skólans voru rædd nokkur atriði sem bæði skólinn og sérfræðinganefndin telja að betur mættu fara í starfsemi. Í skýrslu sinni nefnir sérfræðinganefndin nokkur þeirra, svo sem regluleg starfsmannaviðtöl við kennara, aukna þátttöku nemenda í námskeiðskönnunum, skort á reglum um réttindi og skyldur nemenda og markvissari tengsl við erlenda háskóla.

Kennaraháskólanum er mikil ánægja að segja frá því að um þessar mundir er verið að vinna að úrbótum á öllum þessum sviðum. Starfsmannaviðtöl við alla fasta kennara skólans hafa verið skipulögð og lýkur á yfirstandandi vormisseri. Að störfum er starfshópur sem falið hefur verið að gera tillögur um hvernig bæta má framkvæmd námskeiðskannana og auka þátttöku nemenda í þeim. Unnið er að endurskoðun og samræmingu reglna af ýmsu tagi vegna fyrirhugaðrar sameiningar, m.a. reglna um

Stakkahlíð

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

1 Símbref: 563 3833

www.khi.is


1908100ÁR2008

réttindi og skyldur nemenda. Yfir stendur endurskipulagning alls erlends samstarfs skólans.

Í lokaskýrslu sérfræðinganevndarinnar gætir því miður á nokkrum stöðum misskilnings sem vert er að leiðrétta. Flest koma þessi atriði fram í ábendingum nefndarinnar ("Recommendations") sem ekki fylgdu skýrsludrögunum sem skólinn fékk til að gera athugasemdir við. Þess vegna hefur ekki áður gefist tækifæri til að leiðrétta hugsanlegan misskilning.

1. Undir fyrirsögninni "Recommendations" á bls. 20 í lokaskýrslunni kemur fram að nefndin áttar sig ekki á muninum á framgangskerfi íslenskra háskólakennara og nýráðningum í auglýstar stöður. Ætla mætti að með ábendingu sinni sé nefndin að ítreka mikilvægi nýliðunar og nýráðninga við skólann. Vegna þessa telur Kennaraháskólinn rétt að ítreka að stöður fastra kennara eru að sjálfsgöðu alltaf auglýstar eins og lög gera ráð fyrir þegar tilefni er til nýráðninga.

Um framgangsúmsóknir gilda hins vegar almennar reglur um framgang háskólakennara og dómnefnd fjallar um slíkar úmsóknir þegar þær eru lagðar fram. Vera kann að misskilningur nefndarinnar byggist á því að sama dómnefnd fjallar um nýráðningar og framgangsúmsóknir skv. reglum skólans. Með úmsóknargögnum fylgdi yfirlit yfir öll störf dómnefndar frá árinu 1998.

2. Á sömu blaðsíðu og undir sömu fyrirsögn er málsgrein þar sem fjallað er um tækifæri kennara til rannsóknna. Í málsgreininni er innræ ósamræmi sem gerir hana óskiljanlega og fullyrðingar benda til misskilnings. Lektorar, dósentar og prófessorar við Kennaraháskóla Íslands – eins og við aðra opinbera háskóla á Íslandi – búa við sambærilegar starfsskyldur hvað varðar rannsóknir, stjórnun og kennslu. Aðjúntar hafa hins vegar tímabundna ráðningu og minni rannsóknarskyldu en lektorar, dósentar og prófessorar.
3. Á bls. 24 undir fyrirsögninni "Recommendations", bendir nefndin á að Kennaraháskólinn ætti að styrkja framhaldsnám við skólann. Eins og mjög greinilega kom fram í gögnum úmsóknar um viðurkenningu hefur undanfarin ár verið sérstök áhersla lögð á að styrkja framhaldsnám og á fundinum með sérfræðinganevndinni var sú áhersla ítrekuð, eins og reyndar nefndin segir sjálf á bls. 17. í skýrslunni. Ábending nefndarinnar á bls. 24 virðist því óþörf.
4. Þá er rétt að geta hér atriðis í umfjöllun nefndarinnar um síðasta kafla lokaskýrslunnar þar sem fjallað er um fjármál Kennaraháskóla Íslands.

Á bls. 33 kemur fram að nefndin virðist hafa gert ráð fyrir ítarlegri gögnum um fjármál skólans en send voru með úmsókninni. Úmsókninni fylgdu, auk inngangskafila og verklagsreglu um rekstrarsvið, ársreikningur skólans 2006, lykiltölur um rekstur 1999-2006 og tölulegt yfirlit (sbr. ársskýrslu) 1998-2006. Öll þessi gögn voru þýdd á ensku. Fjármálakafliinn var unninn nákvæmlega samkvæmt leiðbeiningum menntamálaráðuneytisins.

Athugasemd var gerð við þetta orðalag sem einnig kom fram í skýrsludrögunum sem skólanum bárust en ekki er að sjá að nefndin hafi tekið þá athugasemd til skoðunar.

Í ljósi þessa skal ítrekað að þegar tillit er tekið til rekstrarafgangs ársins 2005 var rekstur skólans árið 2006 innan fjárheimilda og rekstrarafgangur 25,7 m.kr. í lok ársins 2006.

Virðingarfyllst,



Ólafur Proppé rektor